

**Ed.**

### **385. Frumvarp til laga**

um olíueinkasölu.

Fhm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1947 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu (petroleum) eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni, svo sem benzíni, ljósaolíu, hráolíu (gas- og dieselolíu), brennsluolíu, smurningsolíum og smurningsfeiti, — né aðrar tegundir af olíum og feiti, sem unnar eru úr steinolíu.

2. gr.

Oliuvörur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún olíusamfélögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum.

3. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkissjórninni heimilt að taka það að láni. Sama gildir um fé það, sem þarf til þess að reisa olíugeyma eða önnur mannvirki og byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir slíkan verzlunarrekstur.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera: Olíueinkasala ríkisins.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur olíueinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með oliubirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. júlí 1947, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. apríl 1947 skal stjórninni vera heimilt að banna allan innflutning á olíum, nema leyfi hennar komi til.

7. gr.

Oliueinkasalan skal leggja frá 10—40 af hundraði á oliuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í geymi eða í hús hér á landi að meðtöldum geymslukostnaði og tolli.

8. gr.

Oliueinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll, þar sem vörunnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð.

9. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri oliueinkasölnunnar eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notast það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er oliueinkasalan verzlur með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil og ákveður árlega um framlög í sjóði.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð olíuvaranna í smásölu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 100 til 100000 kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar oliuvörur, sem fluttar eru inn í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast einkasölnunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

### Greinargerð.

Síðan oliuverzlun ríkisstjórnarinnar var lögð niður 1927, hefur oliuverzlun á Íslandi að heita má eingöngu verið í höndum þriggja oliufélaga, nefnilega hlutafélagsins Shell, hlutafélagsins Oliuverzlun Íslands og Hins íslenska steinolíuhlutafélags. Auk þess hefur við erlenda hlutafélag B. P. á Íslandi átt hér nálega allar þær eignir, sem þurft hefur til verzlunarreksturs Oliuverzlunar Íslands h/f með olíu. Önnur félög eða einstaklingar, sem rekið hafa oliuverzlun hér á landi á síðustu 20 árum, verða ekki talin skipta verulegu máli. Þó hefur starfsemi olíusamlaga verið nokkur hinn síðari hluta frammanefnds tímabils. Hlutafélögin Shell og Oliuverzlun Íslands hafa haft langmestan hluta af verzluninni allan þennan tíma, og mun ekki fjarri lagi að áætla, að þau hafi haft um það bil  $\frac{2}{3}$  hluta hennar hvort um sig.

Shell h/f er a. m. k. að hálfu eign erlendra manna og félaga, og svo mikill vafi þótti leika á, að hinn helmingurinn væri íslensk eign, að ríkisstjórnin fyrirskipaði rannsókn á því, hvort svo væri eða ekki, árið 1928, enda þótt útkoman yrði sú, að ekki þótti sannað fyrir dómstólunum, að sá hluti hlutafjárins, sem gefinn var upp sem íslensk eign, væri það ekki. Ekki mun þó leika nokkur vafi á því, að Shell h/f á Íslandi vinnur í svo nánu samræmi við brezka oliufélagið Shell, að nákvæmlega jafngildir fullum eignarrétti hins erlenda félags á öllum hlutabréfum Shell h/f á Íslandi.

Um hlutafélagið B. P. á Íslandi er það að segja, að þar leikur enginn vafi á um eignarrétt hlutafjárins, vegna þess að það félag er skráð hér á landi sem erlent félag og má því eigi hafa neinn rekstur með höndum hér á landi, enda mun ekki heldur vera talið, að það hafi hann. Hins vegar á þetta erlenda félag, sem og er heimilt

lögum samkvæmt, allar eða nær allar þær fasteignir hér á landi, sem Olíuverzlun Íslands h/f þarf á að halda til að starfrækja umboð það, sem það félag hefur fyrir brezka Anglo Iranian olíufélagið, en það félag eða meðlimir þess munu eiga allflest hlutabréfin í B. P. á Íslandi. Olíuverzlun Íslands h/f gæti eigi rekið olíuverzlun sína án þeirra olíugeyma og annarra fasteigna, sem hlutafélagið B. P. á Íslandi á, og þess vegna ræður Anglo Iran olíufélagið í London að sjálfsögðu alveg yfir verzlunarrekstri Olíuverzlunar Íslands h/f, a. m. k. í meginatriðum. Verzlunarrekstur þessara tveggja hlutafélaga, Shell og Olíuverzlunar Íslands, hlýtur því að vera háður því, sem hin erlendu olíufélög, Shell og Anglo Iranian, mæla fyrir um. Má því segja, að meira en  $\frac{4}{5}$  hlutar olíuverzlunar á Íslandi sé raunverulega í höndum erlendra félaga.

Þriðja félagið, Hið íslenska steinolíuhlutafélag, var einnig fram til síðustu áramóta háð erlendu félagi um allan rekstur sinn. Það hefur starfað hér á landi síðan fyrir heimsstyrjöld hina fyrri, og var það ekkert leyndarmál, að það væri raunverulega eign D. D. P. A., hins danska félags Standard olíufélagsins. Nú um síðustu áramót urðu hlutabréf félagsins raunverulega íslensk eign og það félag því alveg losað undan áhrifum erlendra olíufélaga. Félag það, Olíufélagið h/f, sem Samband íslenskra samvinnufélaga, sambandskaupfélög, olíusamlög og nokkrir aðrir aðilar stofnuðu á síðasta ári, á nú mestan hluta hlutafjárins í Hinu íslenska steinolíuhlutafélagi og ræður því algerlega rekstri þess. Olíufélagið h/f hefur að vísu fengið söluumboð á Íslandi fyrir Standard Oil félagið, en er því óháð á allan hátt. Ber að fagna þessari breytingu sem þýðingarmiklu spori í rétta átt, því að það verður að teljast vera í litlu samræmi við hið nýfengna sjálfstæði Íslands, ef erlend verzlunarfélög eiga að hafa jafnþýðingarmiklar greinar íslenskrar verzlunar sem olíuverzlunin er að mestu í sínum höndum með eins konar einokunaraðstöðu. Síðan Olíufélagið h/f var stofnað, og að líkindum af ótta við samkeppni við það, hafa hin erlendu olíufélög, Shell og B. P. (Anglo Iranian), í desembermánuði síðastliðnum fyrirskipað, að félög þeirra á Íslandi skuli vinna saman sem eitt félag væri, hvað alla geymslu og flutninga á olíu snertir. Verður því raunverulega að skoða þessi tvö félög nú sem einn og sama aðila, hvað verzluninni á Íslandi við kemur.

Ríkisstjórnin átti með sérstökum ráðstöfunum allverulegan þátt í því á árunum 1943 og 1944 að útvega hagkvæmara verð á olíu en verið hefði, ef olíufélögin hefðu ein mátt ráða. Í lok ársins 1944 var þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar hætt með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði allmjög. Má segja, að olíufélögin B. P. og Shell hafi, síðan ríkisstjórnin veitti þeim að ýmsu leyti bættu aðstöðu á árinu 1945, stefnt að því að verða alveg einráð um olíuverzlunina hér á landi. Sem dæmi um það, hvert álit þessi félög hafa á styrkleik aðstöðu sinnar, má nefna það, að þau hafa nú nýlega gefið út eins konar opinbera tilkynningu um olíuverðlagið, og hefur hún verið birt athugasemdalaust í þremur dagblöðunum í Reykjavík og án þess, að sú tilkynning hafi verið gagnrýnd opinberlega. Hefur einkaaðstaða olíufélaganna um verzlunina skapað allt of hátt verð á sumum tegundum olíunnar. Sem dæmi um það, hvert ófremdarástand ríkir um verð á einni tegund olíu, smurningsolíunni, skal nefna eftirfarandi:

Hið íslenska steinolíuhlutafélag selur nú bifreiðasmurningsolíur í tunnum á kr. 1.90 kílóíð og smurningsolíu á bátavélar á kr. 1.24 kílóíð. Hin félögin selja smurningsolíur, sem að dómi fagmanna eru sízt betri, til bifreiða fyrir kr. 3.00 kílóíð og til bátavéla fyrir kr. 1.84 kílóíð. Mun þetta verð meðal annars hafa skapað vegna þeirrar aðstöðu, sem olíufélögin höfðu um sölu á annarri olíu. Voru notendur því oft og einatt neyddir til að kaupa hinar dýru smurningsolíur, til þess að geta fengið aðra olíu.

Það er ekki unnt að flytja olíu til Íslands með nægilega ódýru móti nema í allstórum tankskipum, og verður því að hafa allstóra olíugeyma hér á landi til að taka við olíunni og geyma hana. Shell og B. P. félögin eiga olíugeyma á Íslandi sem hér segir:

Reykjavík:	Shell (í Skerjafirði) .....	10 500 tonn
	B. P. (Klöpp) .....	2 230 —
Akranes:	Shell .....	300 —
	B. P. ....	210 —
Borgarnes:	Shell .....	100 —
	B. P. ....	200 —
Grundarfjörður:	B. P. ....	50 —
Patreksfjörður:	Shell .....	50 —
Þingeyri:	Shell .....	50 —
Flateyri:	Shell .....	100 —
Bolungavík:	Shell .....	100 —
Ísafjörður:	Shell og B. P. ....	390 —
Súðavík:	Shell .....	50 —
Langeyri:	Shell .....	50 —
Ingólfssfjörður:	Shell .....	100 —
Djúpavík:	B. P. ....	200 —
Dranganes:	Shell .....	50 —
Hólmavík:	B. P. ....	100 —
Skagaströnd:	B. P. ....	400 —
Sauðárkrókur:	B. P. ....	250 —
Siglufjörður:	Shell .....	320 —
	B. P. ....	330 —
Ólafsfjörður:	Shell .....	330 —
Akureyri:	Shell .....	675 —
	B. P. ....	200 —
Húsavík:	B. P. ....	250 —
Þórshöfn:	B. P. ....	50 —
Vopnafjörður:	B. P. ....	50 —
Seyðisfjörður:	Shell .....	90 —
Norðfjörður:	Shell .....	90 —
Eskifjörður:	Shell .....	200 —
Fáskrúðsfjörður:	Shell .....	90 —
Hornafjörður:	B. P. ....	150 —
Vestmannaeyjar:	Shell .....	390 —
Sandgerði:	B. P. ....	50 —

Aðrir aðilar, sem eiga oliugeyma hér á landi, eru:

Reykjavík:	Hið íslenska steinolíuhlutafélag (Viðey) ...	1 300 —
	Nafta h/f (Vatnagarðar) .....	600 —
	Flugvöllurinn í Reykjavík .....	3 500 —
Ólafsvík:	Oliúsamlagið .....	200 —
Stykkishólmur:	Oliúsamlagið .....	100 —
Hrísey:	Oliúsamlagið .....	120 —
Dalvík:	Oliúsamlagið .....	330 —
Norðfjörður:	Oliúsamlagið .....	1 000 —
Vestmannaeyjar:	Oliúsamlagið .....	800 —
Keflavík:	Oliúsamlagið .....	500 —

Þá eru enn fremur oliugeymar á flugvællinum í Keflavík 8 500 tonn og í Hvalfirði 41 000 tonn fyrir benzín og hráolíu og 49 000 tonn fyrir brennsluolíu.

Til þess að fá oliuna nægilega ódýra, þarf að flytja hana í allstórum tankskipum frá Mexíkóflóa eða Venezuela beint til Íslands, og verða oliuflutningaskipin á venjulegum tímum að vera minnst 10—12000 tonn að stærð, til þess að ódýr flutningsgjöld fáist, en þó er enn ódýrari flutningur í skipum 16000 tonna og þar yfir.

Það er því auðsætt, að enginn getur keppt við hin sameinuðu oliufélög B. P. og Shell á Íslandi, nema með því að eiga að minnsta kosti jafnstór oliugeymslukerfi og þau. Mun félag það, sem samvinnufélögin og oliusamlögin hafa myndað, Oliufélagið h/f, ætla sér að byggja allstóra oliugeymslustöð við Faxaflóa og einnig geyma úti um land, þar sem oliusamlög eiga ekki geyma fyrir. Þá munu oliufélögin B. P. og Shell hafa ætlað sér að byggja allstóra nýja stöð við Reykjavík, vegna þess að eigi er hægt að sigla nægilega stórum oliugeymaskipum um Skerjafjörð, þar sem Shellstöðin er. Þangað komast nú eigi með góðu móti stærri skip en ca. 5000 tonna, séu þau fullhlaðin. Þá hefur einnig verið á döfnni, að aðrir aðilar, svo sem togaraeigendur, byggðu oliugeymslustöð. Má gera ráð fyrir, að allar þessar oliugeymabyggingar kosti mikið fé. Hefur það jafnvel verið áætlað, að þær mundu kosta allt að 25 milljónum króna í viðbót við það fé, sem þegar hefur verið varið til byggingar oliugeymslustöðva hér á landi. Nú er það svo, að íslenskum stjórnarvöldum mundi veitast erfitt að meina hinum erlendu oliufélögum að bæta við oliugeymabyggingar sínar hér á landi, þar sem þau mundu vafalaust leggja erlendan gjaldeyri fram sjálf til slíkra bygginga. Þá er og enginn vafi á, að oliusamlögum, samvinnufélögum og Oliufélaginu h/f, sem er innflutnings- og sölufélag þeirra á olíu, yrði auðvitað veittur nægur gjaldeyri til þess að reisa sínar oliugeymslustöðvar. Væri eigi um annað að ræða, ef á annað borð ætti að gera þessum alíslenzku samtökum oliuneytendanna fært að keppa með jafnri aðstöðu við hin erlendu oliufélög hér á landi. Þá mundi eigi heldur vera unnt að meina togarautgerðarmönnum að byggja oliugeyma fyrir sína brennsluolíu. Það er þess vegna sýnilegt, ef eigi verður tekin einkasala á olíu, að gífurleg fjárfesting hlýtur að eiga sér stað á næstu 2—3 árum á þessu sviði. Allt það fé, sem lagt er í slíkar byggingar, hlýtur að lokum að leggjast á oliuna og þannig raunverulega greiðast af notendunum.

Nú er það hins vegar svo, að enda þótt oliustöðin í Hvalfirði, sem þegar er orðin eign íslensks ríkisins, sé eigi vel til þess fallin, að eitt oliufélag reki hana, vegna stærðar hennar og ýmissa örðugleika í því sambandi, þá mundi t. d. Oliueinkasala ríkisins vel geta notað hana í nokkur ár með sæmilegum árangri, þangað til hentugri heildargeymslustöð yrði byggð. Ætti því eigi að þurfa að eiga sér stað önnur veruleg fjárfesting fyrst um sinn, ef einkasala verður sett á stofn, en að byggðir yrðu nokkrir smáir geymar úti á landi, því að gera verður ráð fyrir, að samningar tækjust um að kaupa oliugeyma þá, sem þegar hafa verið reistir hér á landi.

Oliuotkun hér á landi hefur vaxið gífurlega á síðustu árum. Síðan í byrjun stríðsins hefur sala á olíu, benzíni, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu verið um það bil sem hér segir:

1940 .....	23 200 tonn
1941 .....	28 400 —
1942 .....	33 600 —
1943 .....	31 200 —
1944 .....	35 900 —
1945 .....	40 000 —
1946 .....	52 000 —

og fer enn ört vaxandi af mörgum ástæðum, og eigi hvað minnst þeirri ástæðu, að mjög víða er nú farið að nota olíu í stað kola til hitunar húsa. Að auki er svo sala á smurningsolíum, sem mun vera orðin allt að 2000 tonn á ári. Það virðist því vera augljóst, að til þess að komið verði góðu skipulagi á olíuverzlun landsmanna, án þess að allt of mikil fjárfesting fari fram, verði nauðsynlegt að setja á stofn einkasölu á olíu. Þá hefur einkasala ríkisins á olíu einnig þann höfuðkost, að hún dregur verzlunina algerlega úr höndum hinna erlendu oliufélaga hér á landi, en tryggir jafnframt, með því að flytja olíuna inn í miklu stærri skipum en nú er gert, enn ódýrari innkaup hennar en nú er unnt að verða aðnjótandi.

Þá ber einnig á það að líta, að dreifing olíunnar út um landið verður miklum mun ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu. Verður þannig með því fyrirkomulagi mögulegt að lækka stórum hinn óhæfilega háa kostnað við að koma olíunni á ýmsa staði úti um land og því lækka verð hennar þar að miklum mun. Mundi allt sölukerfið á landinu í heild þá verða miklu einfaldara og ódýrara, eins og sést best á því, að á fjölda smástaða úti um land verða starfræktar 2–3 benzindælur með samkeppnisfyrirkomulaginu, en aðeins ein með hinu. Sama má segja um rekstur olíugeymanna úti um land. Þar verður aðeins einn aðili, sem hefur reksturinn á hverjum stað, í stað tveggja eða þriggja með samkeppnisfyrirkomulaginu.